

1972 Nr. 1	Gæði og meðferð fiskafla
14. febrúar	

Inngangur

Rannsóknastofnun fiskidnaðarins hefur á undanförunum árum sent út dreifibréf um ýmis verkefni, er unnið hefur verið að á stofnuninni, svo sem vélaprófanir o. fl.

Ekkert sérstakt form hefur verið á bréfunum, en nú hefur verið gerður fyrir þær sérstakur haus, og þeim gefið heitið Tæknitíðindi. Auk ártalsins verða bréfin tölusett og höfunda getið.

Í bréfunum verður fjallað um verkefni stofnunarinnar eins og hingað til og enn fremur ýmsar nýjungar og upplýsingar, sem menn hafa almennt ekki aðgang að.

Gæði netafisks

Það hefur löngum verið útbreidd skoðun, að aflahæstu bátarnir á vetrarvertíð lönduðu lélegri fiski en þeir, sem minna afla.

Undirrituðum gafst gott tækifæri til að fylgjast með hráefni netabáta á síðastliðinni vetrarvertíð, meðan tilraunir varðandi bættu meðferð á netafiski stóðu yfir. Virtist honum þá, að framangreind skoðun hefði ekki við rök að styðjast. Þvert á móti virtust aflabátarnir hafa skársta hráefnið.

Undirrituðum lék því hugur á að kanna hvað niðurstöður ferskfiskeftirlitsins leiddu í ljós um þetta mál.

Fiskmatsstjóri veitti góðfúslega aðgang að matsniðurstöðum og voru Grindavíkurbátar flokkaðir niður eftir aflamagni og stærð.

Könnun þessi leiddi í ljós, að netabátar er mikið afla, landa einnig skársta fiskinum. Skýring á þessu gæti verið, að betri áhafnir ráðist á aflabátana og dragi þeir því netin oftar, þrátt fyrir það að þeir kunni að hafa fleiri net í sjó. Enn fremur er sennilegt, að þeir vitji netanna í verri veðrum, þegar aðrir liggja í höfn. Þetta verður þó ekki skýrt til fullnustu, nema að fram fari á því sérstök könnun.

Hins vegar virðist ekki vera samband milli stærðar bátanna og hráefnisgæða, þrátt fyrir það, að betri aðstaða sé til veiða og góðrar meðferðar hráefnis á stórum bátum.

Tölulegar niðurstöður eru í eftirfarandi töflum.

- - - - -

Hluti af þessum niðurstöðum voru settar fram í sjónvarpsþættinum "Sá guli", þann 11/1 1972, en vegna fjölda fyrirspurna er bærust eftir þáttinn, eru þær birtar hér.

Jóhann Guðmundsson

Skipting á afla netabáta frá Grindavík í gæðaflokka eftir aflamagni bátanna á
tímabilinu 14/3 - 24/4 1971

<u>Afli á bát minni en 200 t. :</u>	<u>Magn 1000 kg</u>	<u>Prósentur</u>
Gæðaflokkur I	728.6	46.1
Gæðaflokkur II	490.7	31.1
Gæðaflokkur III	360.9	22.8
Samtals :	<u>1580.2</u>	

<u>Afli á bát 200 - 300 t. :</u>		
Gæðaflokkur I	1178.9	47.5
Gæðaflokkur II	785.0	31.6
Gæðaflokkur III	519.0	20.9
Samtals :	<u>2842.9</u>	

<u>Afli á bát 300 - 400 t. :</u>		
Gæðaflokkur I	1666.0	50.0
Gæðaflokkur II	1021.4	30.6
Gæðaflokkur III	645.4	19.4
Samtals :	<u>3332.8</u>	

<u>Afli á bát yfir 400 t. :</u>		
Gæðaflokkur I	1036.7	53.4
Gæðaflokkur II	562.1	29.0
Gæðaflokkur III	340.9	17.6
Samtals :	<u>1939.7</u>	

Skipting á afla netabáta frá Grindavík í gæðaflokka eftir stærð bátanna
á vetrarvertíð 1971

<u>Báatar undir 100 rúml. :</u>	<u>Magn 1000 kg</u>	<u>Prósentur</u>
Gæðaflokkur I	2447.4	44.4
Gæðaflokkur II	1865.1	33.8
Gæðaflokkur III	1204.8	21.8
Samtals :	<u>5517.3</u>	
 <u>Báatar 100-150 rúml. :</u>		
Gæðaflokkur I	2010.6	47.9
Gæðaflokkur II	1314.7	31.3
Gæðaflokkur III	875.2	20.8
Samtals :	<u>4200.5</u>	
 <u>Báatar 150 - 200 rúml. :</u>		
Gæðaflokkur I	1371.6	46.7
Gæðaflokkur II	951.2	32.4
Gæðaflokkur III	613.2	20.9
Samtals :	<u>2936.0</u>	
 <u>Báatar 200-250 rúml. :</u>		
Gæðaflokkur I	1344.5	45.6
Gæðaflokkur II	965.9	32.7
Gæðaflokkur III	641.1	21.7
Samtals :	<u>2951.5</u>	
 <u>Báatar 250 rúml. og stærri :</u>		
Gæðaflokkur I	1171.4	44.6
Gæðaflokkur II	859.9	32.8
Gæðaflokkur III	593.6	22.6
Samtals :	<u>2624.9</u>	